A TEREX BRAND

Stjórnandahandbók

	Raðnúmer
2500 kg FASTUR KRÓKUR á PLÖTU	Úr s/n: FXHKCDL15B-1001
5000 kg FASTUR KRÓKUR á PLÖTU	Úr s/n: FXHOOKDL15B-1001
4000 mm/900kg Vélknúin BÓMA	Úr s/n: MJ4/9DL15B-1001
4000 mm/900 kg Vökvaknúin BÓMA	Úr s/n: HYJ4/9DL15B-1001
2000 mm/2000 kg Vélknúin BÓMA	Úr s/n: MJ2/2DL15B-1001
4000 kg VINDA	Úr s/n: HYW4DL15B-1001
5000 kg VINDA	Úr s/n: HYW5DL15B-1001

Þýðing á upprunalegum leiðbeiningum
Fyrsta útgáfa
Önnur prentun
Hlutanúmer 57.0303.5243

Efni

Inngangur 1
Skilgreiningar á tákn- og hættumyndum 5
Öryggi á vinnustað 6
Varúðarráðstafanir 13
Myndskýring 15
Lýsing aukabúnaðar 16
Notkunarsvið aukabúnaðar 18
Skoðanir 19
Notkunarleiðbeiningar 23
Geymslustaða og geymsla 37
Leiðbeiningar um flutning og lyftingu 38
Viðhald 39
Tæknilýsing 45
Hleðslutöflur 49
Beaufort vindstyrkur 67
EB-samræmisyfirlýsing 68

TEREX Global GmbH

Bleicheplatz 2
8200 Schaffhausen
Sviss

Tæknileg þjónusta
Sími: +39 075 9418129
+39 075 9418175
netfang: UMB.Service@terex.com

Höfundarréttur © 2015 Terex Corporation

Fyrsta útgáfa: Önnur prentun, desember 2015

Genie er skrásett vörumerki Terex South Dakota, Inc. í Bandaríkjunum og mörgum öðrum löndum. „GTH“ er vörumerki Terex South Dakota, Inc.

Inngangur

Um þessa handbók


Genie kann að meta val þitt á tæki fyrir notkun þína. Öryggi notenda er í forgangi hjá okkur en slíkt ávinnst best í sameiningu.
Þetta rit er stjórnanda- og dagleg viðhaldshandbók fyrir notanda eða stjórnanda Genie vélar.

Líta ætti á handbók þessa sem varanlegan hluta af vélinni þinni og hún ætti alltaf að fylgja vélinni. Ef þú hefur einhverjar spurningar skaltu hafa samband við Genie.

Í þessari handbók getur hugtakið „vél“ vísað bæði til aukabúnaðarins eða lyftarans. Slíkt veltur á samhenginu.
Þessa handbók skal nota með notandahandbók fjarbúnaðarins.

Auðkenni vöru

Raðnúmer aukabúnaðarins er staðsett á raðnúmeraplötunni.



- *2500 kg Fastur krókur á plötu 59.0700.9012GT*
- *5000 kg Fastur krókur á plötu 59.0700.9013GT*
- *4000 mm/900 kg vökvaknúin bóma 59.0802.3029GT*
- *4000 mm/900 kg vélknúin bóma 59.0802.3028GT*
- *2000 mm/2000 kg vélknúin bóma 59.0802.3027GT*
- *4000 kg vinda 59.0901.9015GT*
- *5000 kg vinda 59.0901.9008GT*

Fyrirhuguð notkun

Vindunni, bómunni og króknum á plötunni er ætlað að lyfta byrðum og lækka lárétt með því að notast við burðarólar, kapla, reipi eða keðjur.

Notkun á þessari vöru á nokkurn annan hátt er bönnuð og stríðir gegn ætlaðri notkun hennar.

Inngangur

Dreifing tilkynninga og fylgni

Öryggi vöru fyrir notenda skiptir mestu máli fyrir Genie. Ýmis konar tilkynningar eru notaðar af Genie til að miðla mikilvægum öryggis- og vöruupplýsingum til söluaðila og vélaeigenda.

Upplýsingarnar sem er að finna í tilkynningunum tengjast ákveðnum vélum með vélategund og raðnúmeri.

Dreifing tilkynninga byggist á núverandi skráða eiganda ásamt tengdum söluaðila hans/hennar. Því er mikilvægt að skrá vél þína og viðhalda samskiptaupplýsingum þínum.

Fylgdu þeirri aðgerð sem gefin er til kynna í viðkomandi tilkynningu til að tryggja öryggi starfsfólks og áreiðanlega áframhaldandi notkun á vél þinni.

Samskipti við framleiðandann

Öðru hverju kann það að reynast nauðsynlegt að hafa samband við Genie.

Þegar þú gerir það skaltu vera viðbúin/n að gefa upp tegundar- og raðnúmer þitt ásamt nafni þínu og samskiptaupplýsingum. Hafa ætti samband við Genie að lágmarki vegna eftirfarandi:

- Slysatilkynning
- Spurningar varðandi vörunotkun og öryggi
- Upplýsingar um fylgni er varða staðla og reglur
- Uppfærslur á núverandi eiganda, til dæmis breytingar á eignarhaldi vélar eða breytingar á samskiptaupplýsingum þínum. Sjá Flutningur á eignarhaldi að neðan.

Flutningur á eignarhaldi vélar

Ef gefinn er tími til að uppfæra upplýsingar eiganda tryggir það að þú fáir mikilvægar öryggis-, viðhalds- og stjórnandaupplýsingar sem eiga við þína vél.

Vinsamlegast skráðu vél þína með því að fara inn á vefsvæðið www.genielift.co.uk.

Inngangur



Hætta

Misbrestur á að hlýða leiðbeiningunum og öryggisreglunum í þessari handbók mun leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla.

Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga stjórnun aukabúnaðar sem finna má í þessari stjórnandahandbók.
1. Forðastu hættulegar aðstæður. Þekktu og skildu öryggisreglurnar áður en þú snýrð þér að næsta hluta.
2. Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.
3. Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.
4. Kannaðu vinnustaðinn.
5. Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir leiðbeiningum framleiðanda og öryggisreglum, öryggis- og stjórnandahandbókum og límmiðum á vélinni.
☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öryggisreglum vinnuveitanda og reglum vinnusvæðisins.
☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öllum viðeigandi stjórnarreglugerðum.
☑ Þú hafir rétta þjálfun til að nota vélina á öruggan hátt.

Inngangur

Hættuflokkun



Öryggisviðvörunartákn - notað til að vara starfsfólk við hugsanlegri hættu á líkamsmeiðslum. Hlýddu öllum öryggisskilaboðum sem fylgja þessu tákni til að forðast möguleg meiðsli eða dauða

⚠HÆTTA Gefur til kynna hættuástand sem leiðir til dauða eða alvarlegra meiðsla ef ekki er brugðist við því.

⚠AÐVÖRUN Gefur til kynna hættuástand sem kann að leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla ef ekki er brugðist við því.

⚠VARÚÐ Gefur til kynna hættuástand sem kann að leiða til minniháttar eða miðlungs meiðsla ef ekki er brugðist við því.

TILKYNNING Gefur til kynna tilkynningu um eignatjón.

Staðlar


Eftirfarandi staðlar og/eða reglugerðir eiga við þessa vél:

Tilskipun
2006/42/EB Vélatilskipun


Viðhald á öryggisskiltum

Endurnýjaðu öryggisskilti sem hafa týnst eða eru skemmd.
Hafðu öryggi stjórnanda í huga á öllum stundum. Notaðu milda sápu og vatn til að þrífa öryggisskilti. Ekki nota hreinsiefni með leysi því þau kunna að skemma efni öryggisskiltisins.

Skilgreiningar á tákn- og hættumyndum



Almennt öryggi



09.4618.1847

Öryggi á vinnustað

Almennt öryggi

Ekki lyfta upphengdri byrði án þess að skilja fyrst staðbundnar, ríkis-, alríkis- eða héraðsreglur, staðla og reglugerðir er tengjast slíkri athöfn. Frekari reglur, staðlar og reglugerðir kunna að eiga við. Þörf kann að vera á viðbótarþjálfun.

Ef nota þarf fjarbúnað til að flytja byrði þarf að grípa til eftirfarandi varúðarráðstafana til að vernda stjórnandann.

Lestu, skildu og fylgdu öllum viðeigandi varúðarorðum og leiðbeiningum sem fylgja aukabúnaðinum og viðurkenndar eru fyrir upphenda byrði.


Aðeins ætti að nota aukabúnað sem er með viðeigandi hönnun, hefur verið prófaður og viðurkenndur til að bera upphengda byrði.


Burðartöflur fjarbúnaðarins eru hannaðar fyrir byrði þar sem burðarmiðjan er kyrrstæð. Þar sem upphengd byrði hreyfist getur burðarmiðjan breyst. Þess vegna þarf að fylgjast vel með byrðinni og sýna varúð við flutning og lyftingu til að lágmarka möguleikann á að hún hreyfist.

Veltihætta

Ekki lyfta upphengdri byrði án viðeigandi og læsilegri burðartöflu fyrir þá samsetningu aukabúnaðar/fjarbúnaðar sem þú notar.







Ekki leyfa byrðinni að sveiflast frjálslega. Ávallt skal tjóðra byrði á viðeigandi máta til að takmarka hreyfingu. Til viðbótar við starfsmenn á jörðu má einnig nota tvo lyftipunkta á undirvagninum framan á vélinni tl að koma stöðugleika á byrðina. Ávallt skal krossa tjóðrun á gagnstæðum hliðum til að lágmarka hreyfingu byrðar. Ef ekið er yfir halla, farið er skyndilega af stað, stöðvað og beygt getur það valdið því að byrðin fer að sveiflast og þannig verður til hætta ef stöðugleiki kemst ekki á.

Hafðu bómuna inndregna eins mikið og hægt er.

Ekki lyfta upphengdri byrði þegar vindhraði getur skapað hættulegar aðstæður.

Öryggi á vinnustað

Allar hreyfingar byrðar þarf að minnka smám saman og við hægasta hraða til að hindra frekari sveiflur.

Hafðu þyngsta hluta byrðarinnar næst aukabúnaðinum.

Aldrei skal draga eða toga byrðina til hliðar.

Aðeins skal lyfta byrðinni lóðrétt; ekki skal toga byrðina lárétt þar sem slíkt getur valdið því að hún sveiflist of mikið.

Þyngd alls búnaðar (burðaróla, hengsla. o.sfrv.) þarf að vera innifalinn í byrðinni.

Berðu kennsl á viðeigandi lyftipunkta byrðarinnar, taktu tillit til þungamiðju og stöðugleika byrðar.

Ekki reyna að nota jöfnun fjarbúnaðarins til að koma í stað byrðar sem sveiflast eða til að stilla byrði af eftir að henni hefur verið lyft.

Ekki reyna að færa fasta eða hindraða byrði.

Ekki láta fjarbúnaðinn vera eftirlitslausan með upphengdri byrði.

Hafðu bómuna og byrðina eins lágt og hægt er á meðan þú sérð vel út.

Ekki fara hraðar en gönguhraði (2 mílur / 3,2 km/klst.) með upphengdri byrði.

Farðu af stað, aktu, beygðu og stöðvaðu hægt til að hindra að byrðin verði óstöðug eða sveiflist.

Ekki nota nein tæki til að endurstaðsetja byrðina á ferð. Hægðu smám saman áður og stoppaðu áður en þú reynir að endurstaðsetja byrðina.

Ekki gera tilraun til þess að fara í ská í halla þar sem burðarmiðjan færist þá í átt á veltilínunni og þannig er dregið úr stöðugleika.

Aðeins skal fara upp eða niður halla með ýtrustu varúð þar sem burðarmiðjan færist þá í átt á veltilínunni og þannig er dregið úr stöðugleika.

Ekki leggja í brekku.

Þegar ekið er upp með byrði skal setja í gír áfram og aka með byrðina í lægstu mögulegu stöðu.

Þegar ekið er niður með byrði skal fara í bakkgír

Ekki heimila upphengdri byrði að sveiflast.

Ekki draga byrði þegar hún er krækt upp.

Upphengd byrði er með breytileg, og þar með ófyrirsjáanleg áhrif á stöðugleika vélar, sýndu varúð.

Fasti krókurinn hefur verið hannaður til að styðja við yfirlýsta hlið byrðar. Hámarksfarmþungi samræmis nafnrúmtaki þess sem það er uppsett á eins og sýnt er á burðartöflunum sem fylgja búnaðinum.

Fallhætta

Ekki lyfta eða hengja starfsmenn upp.

Flækjuhætta

Snerting við byrðislínu á hreyfingu getur leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla.
Haltu höndum fjarri vindu og byrðislínu á hreyfingu.

Öryggi á vinnustað

Árekstrarhætta

Tryggðu að byrðin sé laus við allar hindranir í kring áður en lyfting fer fram.


Þegar skyggni er eða gæti verið óhindrað, nálægt eða við niðurlögn byrðar, skal stjórnandinn nota aðrar leiðir til að lyfta byrðinni á öruggan máta, til dæmis hæfan aðila sem gefur merki.

Aðilar sem gefa merki verða að vera í stöðugum samskiptum (munnleg eða með höndum) og þarf stjórnandinn einnig að sjá viðkomandi á öllum stundum.

Hætta á að kremjast

Aldrei skal leyfa þeim sem gefur merki að vera á milli upphengdrar byrðar og annars hlutar (til dæmis fjarbúnaðarins).

Hætta vegna fallandi hluta



Ekki lyfta byrði á það fallsvæði sem sýnt er.

Ekki nota vélina þegar fólk er undir byrðinni eða á fallsvæðinu.

Veldu rétta burðaról fyrir hverja byrði með því að notast við burðaróltöflur

Rannsakaðu hvern hluta lyftubúnaðar fyrir og eftir notkun

Verndaðu burðarólar fyrir skemmdum frá skörpum brúnum með hornhlífum, fóðrun eða tréblökkum Ekki hengja byrði upp með burðarólum eða keðjum frá göfflum eða undirvagninum.

Forðastu að lyfta byrðum á tveim hæðum.

Þegar kringlóttum hlutum er komið fyrir (bensíntunnur, o.s.frv.) skal binda þá með ólum og reiðum og aka á minni hraða.

Notaðu vélina á hraða þar sem hægt er að hafa stjórn á byrðinni. Ræsing og stöðvun skal vera greiðleg.

Haldið fólki, búnaði og efni fjarri vinnusvæði.
Notið ekki vélina þegar fólk er undir eða nálægt hækkaðri bómu, hvort sem hún er með byrði eður ei.

Tryggið að byrðin sé tryggileg áður en henni er lyft.

Öryggi á vinnustað

Lyfta upphengdri byrði

Tryggðu að lendingarpunktur sé láréttur og getir stutt við byrðina á öruggan máta.

Komdu aukabúnaðinum tryggilega fyrir á fjarbúnaðinum.

Réttu grindina við á fjarbúnaðinum.

Tjóðraði byrðina til að hamla hreyfingu.

Fáðu aðstoð frá þeim sem gefur merki með lyftingu byrðarinnar ef útsýni er hindrað við notkun.

Tryggðu að sá sem gefur merki sé í stöðugum samskiptum og sjónrænu sambandi á öllum stundum.

Lyftu bómunni og byrðinni hægt og smám saman á meðan bóman er inndreginn eins mikið og mögulegt er. Tryggðu að bóman og byrðin sé eins nálægt jörðu og hægt er.

Tryggðu að allar hreyfingar bómu og aukabúnaðar séu framkvæmdar eins hægt og hægt er til að forðast það að byrðin sveiflist.

Ekki fara fram yfir afkastagetu burðaróla.

Ekki snúa eða binda hnúta á burðarólum eða nota bolta, nagla eða vírhluta til að stytta burðarólar.

Ekki skeyta saman slitnum burðarólum.

Ekki bera byrði með því að setja enda króks í hlekk keðjunnar.

Ekki skilja við ónotaðar burðarólar, aukabúnað eða blokkir á jörðinni. Hengið á rekkum eða geymið á viðeigandi stað.

Ekki nota burðaról til að draga hleðslu.

Ekki stytta keðju með hnútum eða með því að snúa á annan máta en með innbyggðu keðjutaki.

Ekki nota heimagerðar keðjur eða strengi.

Ekki meðhöndla með hita eða sjóða saman keðjuhlekki.

Ekki útsetja keðjuhlekki fyrir efnum.

Akstur

Tryggðu að akstursleiðin sé á jafnsléttu og standi undir fjarbúnaðinum og byrði hans.

Hafðu bómuna og byrðina eins lágt og hægt er á meðan þú sérð vel út.

Fáðu aðstoð frá þeim sem gefur merki með akstur ef útsýni er hindrað við akstur.

Hætta á að kremjast eða árekstrarhætta Tryggðu að sá sem gefur merki sé í stöðugum samskiptum og sjónrænu sambandi á öllum stundum.

Gerðu aðeins breytingar á byrðinni eftir að fjarbúnaðurinn hefur verið stöðvaður að fullu.

Farðu af stað, stoppaðu, aktu og beygðu hægt til að hindra að byrðin verði óstöðug eða sveiflist.

Ekki aka hraðar en á gönguhraða (<2 mílur / 3,2 km/klst.).

Öryggi á vinnustað

Byrðinni komið fyrir

Fáðu aðstoð frá þeim sem gefur merki við að koma byrðinni fyrir ef útsýni er hindrað við notkun.

Tryggðu að sá sem gefur merki sé í stöðugum samskiptum og sjónrænu sambandi á öllum stundum.

Stöðvaðu að fullu nálægt lendingarstaðnum.

Settu í handbremsu og settu skiptinguna í hlutlausan.

Hægt og smám saman skaltu setja byrðina yfir lendingarstaðinn og lækka byrðina þar til hún nýtur stuðnings.

Þegar byrðin er komin niður skaltu halda áfram að lækka bómuna þar til hægt er að fjarlægja festingar og tjóður.

Sá sem gefur merki

Mælt er með einhverjum sem gefur merki þegar:

Stjórnandi er ekki með fullt útsýni yfir notkunarstað, eða byrði og svæðið þar sem byrðinni er komið fyrir.



Þegar búnaðurinn er á ferð er útsýnið hindrað.

Sökum öryggisáhyggjuefna á starfsstað ákvarðar annað hvort stjórnandinn eða sá sem sér um byrðina að slíkt sé nauðsynlegt.

Aðilar sem gefa merki verða að vera í stöðugum samskiptum (munnleg eða með höndum) og þarf stjórnandinn einnig að sjá viðkomandi á öllum stundum.

Handmerkjatöfluna á næstu síðu má nota sem tilvísun.

Öryggi á vinnustað

 STOPPA. Handleggur er út lárétt til hliðar, lófar niður, handleggur sveiflast fram og aftur.	 NEYÐARSTÖÐVUN. Báðir handleggir eru út lárétt til hliðar, lófar niður, handleggir sveiflast fram og aftur.		 LYFTA. Upphandleggur út til hliðar, framhandleggur og vísifingur benda beint upp, hönd og fingur búa til litla hringi.	 HÆKKA BÓMU. Handleggir lárétt út til hliðar, þumall bendir upp en aðrir fingur eru lokaðir.
 SVEIFLA. Handleggur teygður út lárétt, vísifingur bendir í þá átt sem bóman sveiflast.	 DRAGA BÓMU INN. Hendur fyrir framan í mjaðmarhæð, þumalfingur benda hvorn á annan en aðrir fingur eru lokaðir.	 HÆKKA BÓMUNA OG LÆKKA BYRÐINA. Handleggur er út lárétt til hliðar og þumall bendir upp, fingur opna og loka þegar burðarhreyfing er kosin.	 HUNSA ALLT. Hendur saman við í mjaðmarhæð.	 LÆGRA. Hönd og vísifingur benda niður, hönd og fingur búa til litla hringi.
 LÆKKA BÓMU. Handleggir lárétt út til hliðar, þumall bendir niður en aðrir fingur eru lokaðir.	 SETJA BÓMU ÚT. Hendur fyrir framan í mjaðmarhæð, þumalfingur út en aðrir fingur eru lokaðir.	 AKA/DRAGA. Allir fingur benda upp, handleggur er lárétt út og til baka sem skapar hreyfingu í akstursátt.	 LÆKKA BÓMUNA OG HÆKKA BYRÐINA. Handleggur er út lárétt til hliðar og þumall bendir niður, fingur opna og loka þegar burðarhreyfing er kosin.	 FARA HÆGT. Hönd er sett fyrir framan hönd sem veitir aðgerðamerki.

Öryggi á vinnustað

⚠ Hætta vegna aukabúnaðar sem hefur orðið fyrir skemmdum

Ekki nota skemmdan eða bilaðan aukabúnað.

Framkvæmdu vandlega skoðun á aukabúnaðinum fyrir notkun og prófaðu allar aðgerðir fyrir hver vaktaskipti. Merktu samstundis skemmdan eða bilaðan aukabúnað og taktu hann úr notkun.

Vertu viss um að allt viðhald hafi verið framkvæmt eins og tiltekið er í þessari handbók og viðeigandi þjónustuhandbók Genie.

Vertu viss um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir.

Vertu viss um að stjórnanda- og öryggishandbækur séu heilar, læsilegar og í geymsluílátinu sem staðsett er í stýrishúsinu.

⚠ Hætta á að kremjast

Aðeins skal nota vinduna þegar starfsmenn eru fjarri tunnunni, burðarlínunni og króknum.

⚠ Ábyrgð vinnuveitanda

Starfsmenn bera ábyrgð á að veita öruggt starfsumhverfi og að fylgja staðbundnum og innlendum reglugerðum yfirvalda.

⚠ Persónulegt öryggi

Tryggðu að allir sem vinna á eða nálægt þessari vél þekki viðeigandi varúðarráðstafanir.

Varúðarráðstafanir

⚠ Kröfur fyrir vélastjórnendur

Stjórnendur sem nota vélina reglulega eða öðru hverju (þ.e. til flutninga) skulu búa yfir eftirfarandi forsendum:

Heilsa:
Fyrir og á meðan notkun stendur ættu stjórnendur ekki að neyta áfengra drykkja, lyfja eða annarra efna sem kunna að hafa áhrif á sálfræðilegt og líkamlegt ástand þeirra og þar með vinnufærni þeirra.

Líkamlegar:
Góð sjón, góð heyrn, góð samhæfing og færni til að framkvæma allar nauðsynlegar aðgerðir á öruggan hátt, í samræmi við leiðbeiningarnar í þessari handbók.

Andlegar:
Færni til að skilja og beita framfylgdum reglum, reglugerðum og varúðarráðstöfunum. Þeir skulu sína gætni og varúð fyrir sínu eigin öryggi, sem og annarra, og skulu framkvæma vinnu sína á réttan og ábyrgan máta.

Tilfinningalegar:
Þeir skulu vera rólegir og geta ávallt metið sitt eigið sálfræðileg og andlegt ástand.

Þjálfun:
Þeir skulu lesa og þekkja þessa handbók, myndritin og skýringarmyndirnar sem þar er að finna. auðkennis- og viðvörunarplötur. Þeir skulu hafa færni og þjálfun varðandi notkun vélarinnar.

Stjórnandinn skal hafa réttindi (eða ökuskírteini) þegar slíkt er nauðsynlegt lögum samkvæmt í því landi sem vélin er notuð í. Vinsamlegast leitið upplýsinga hjá lögbærum aðilum. Á Ítalíu þarf stjórnandinn að hafa náð 18 ára aldri.

⚠ Kröfur fyrir viðhaldsstarfsmenn

Starfsmenn sem bera ábyrgð á viðhaldi vélarinnar skulu vera fagaðilar, sérhæfðir í viðhaldi fjarbúnaðar, og búa yfir eftirfarandi forsendum:

Líkamlegar:
Góð sjón, góð heyrn, góð samhæfing og færni til að framkvæma allar nauðsynlegar viðhaldsaðgerðir á öruggan hátt, í samræmi við þessa handbók.

Andlegar:
Færni til að skilja og beita framfylgdum reglum, reglugerðum og varúðarráðstöfunum. Þeir skulu sína gætni og varúð fyrir sínu eigin öryggi, sem og annarra, og skulu framkvæma vinnu sína á réttan og ábyrgan máta.

Þjálfun:
Þeir skulu lesa og þekkja þessa handbók, myndritin og skýringarmyndirnar sem þar er að finna. auðkennis- og viðvörunarplötur. Þeir skulu hafa færni og þjálfun varðandi virkni vélarinnar.


Frá tæknilegu sjónarhorni er reglubundið viðhald á vélinni ekki flókið og getur stjórnandi hennar framkvæmt það, með því skilyrði að viðkomandi búi yfir grunnþekkingu í vélum.

Varúðarráðstafanir

⚠ Vinnufatnaður

Við vinnu, og einkum við viðhald og viðgerð á vélinni, verða stjórnendur að vera í viðeigandi hlífðarfatnaði:

- Vinnugalla eða öðrum þægilegum fatnaði. Stjórnendur ættu ekki að vera í fötum með löngum ermum eða hlutum sem geta fest í hreyfanlegum hlutum vélarinnar.
- Öryggishjálmur.
- Hlífðarhanskar.
- Vinnuskór.



Aðeins skal nota viðurkenndan öryggisfatnað sem er í góðu ástandi.

⚠ Persónuhlífar


Undir sérstökum vinnuaðstæðum ætti að notast við eftirfarandi persónuhlífar:

- Öndunarbúnað (eða rykgrímu).
- Heyrnarhlífar eða álíka búnaður.
- Öryggisgleraugu eða andlitsgrímur.

Myndskýring

Aðalhlutar bómu og vindu

1. **Flýtitengi (ef til staðar er)**
2. **Krókur**
3. **Tengigrind**
4. **Vinda**



Lýsing á aukabúnaði

Vinda

Þessi aukabúnaður er notaður til að meðhöndla farmþunga sem er upphengdur með reipakerfi.
Hann samanstendur að mestu af stálsoðinni smíði sem er með tvo hliðarkraga sem tengjast hefðbundinni tengirás fyrir GTH fjarbúnað.
Soðna smíðin er löguð þannig að hún er með, á lægri enda sínum, tvo snúningsstoðfætur sem styðja við aukabúnaðinn þegar hann er á jörðinni og ekki uppsettur á fjarbúnaðinum.
Vökvaknúna lyftan er uppsett framan á soðnu smíðina. Lyftan er vökvaknúin í gegnum aukalínu sem finna má á enda skotbómunnar í gegnum tvö vökvaknúin flýtitengi.
Stálreipið er tengt í gegnum ståltrissu við krók og með því er hægt að lyfta þeim farmþunga sem tilgreindur er fyrir þennan aukabúnað (styrkleiki hans uppfyllir eða fer fram yfir hámarks farmþunga sem skilgreindur er fyrir allan aukabúnaðinn).
Sérstakir vökvaknúnir rofar eru uppsettir nálægt smíðinni sem afvirkja vinuna þegar króknum er lyft að fullu eða lækkaður að fullu.
Ekki ofhlaða bómusmíðina þegar vindan er afvirkjuð.


Bóma

Þessi aukabúnaður er notaður til að meðhöndla farmþunga sem er upphengdur með reipakerfi.
Hann samanstendur að mestu af stálgrindarbómu sem er með tvo hliðarkraga sem tengjast hefðbundinni tengirás fyrir GTH fjarbúnað.
Soðna smíðin er löguð þannig að hún er með, á lægri enda sínum, þrjá snúningsstoðfætur sem styðja við aukabúnaðinn þegar hann er á jörðinni og ekki uppsettur á fjarbúnaðinum.
Soðna stálgrindarbóman er löguð þannig að hún er með, að framan, vélknúna tengingu sem tengist stálkrók.
Með króknum er hægt að meðhöndla þann farmþunga sem tilgreindur er fyrir þennan aukabúnað (styrkleiki hans uppfyllir eða fer fram yfir hámarks farmþunga sem skilgreindur er fyrir allan aukabúnaðinn).
Vökvaknúna útgáfa þessa aukabúnaðar er með uppsettri vökvaknúinni lyftu inni í stálbitabómunni beint á undan stálplötunni fyrir miðju.
Lyftan er vökvaknúin í gegnum aukalínu sem finna má á enda skotbómunnar í gegnum tvö vökvaknúin flýtitengi.
Endi stálreipisins er tengdur viðurkenndum króki við enda stálbitabómunnar.
Sérstakir vökvaknúnir rofar eru uppsettir nálægt smíðinni sem afvirkja vinuna þegar króknum er lyft að fullu eða lækkaður að fullu.
Ekki ofhlaða bómusmíðina þegar vindan er afvirkjuð.
Þegar króknum er lyft upp að fullu er engum vökvaþrýstingi beitt á lyftuna til að forðast ónauðsynlega ofhleðslu á bómusmíðina.

Lýsing á aukabúnaði

Aðalhlutar króks

1. **Krókur**
2. **Tengigrind**



Krókur

Þessi aukabúnaður er notaður til að meðhöndla farmþunga sem er upphengdur með reipakerfi.
Hann samanstendur að mestu af stálsoðinni smíði sem er með tvo hliðarkraga sem tengjast hefðbundinni tengirás fyrir GTH fjarbúnað.
Soðna smíðin er löguð þannig að hún er með, á lægri enda sínum, tvo snúningsfætur sem styðja við aukabúnaðinn þegar hann er á jörðinni og ekki uppsettur á fjarbúnaðinum.
Soðna smíðin er löguð þannig að hún er með, fyrir miðju, bita sem skagar út að framan og vélknúna tengingu að framan sem tengist stálkrók.
Með króknum er hægt að meðhöndla þann farmþunga sem tilgreindur er fyrir þennan aukabúnað (styrkleiki hans uppfyllir eða fer fram yfir hámarks farmþunga sem skilgreindur er fyrir allan aukabúnaðinn).

Notkunarsvið aukabúnaðar

Eftirfarandi tafla lýsir notkunarsviði búnaðar sem uppsettur er á Genie fjarbúnaði

	GTH-2506	GTH-4014	GTH-4018	GTH-4016R	GTH-4018R	GTH-5021R
2500 kg FASTUR KRÓKUR á PLÖTU	✕					
5000 kg FASTUR KRÓKUR á PLÖTU		✕	✕	✕	✕	✕
4000 mm/900 kg Handvirk BÓMA		✕	✕	✕	✕	✕
4000 mm/900 kg Vökvaknúin bóma		✕	✕	✕	✕	✕
2000 mm/2000 kg Handvirk bóma	✕	✕	✕	✕	✕	✕
4000 kg VINDA		✕	✕	✕	✕	✕
5000 kg VINDA						✕

Skoðun



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók og í handbók fjarbúnaðar.

1. Forðastu hættulegar aðstæður.

2. **Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.**

   Þekktu og skildu skoðun fyrir notkun áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

3. Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4. Kannaðu vinnustaðinn.

5. Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði skoðunar fyrir notkun

Það er á ábyrgð stjórnanda að framkvæma skoðun fyrir notkun og hefðbundið viðhald.

Skoðun fyrir notkun er sjónræn skoðun, framkvæmd af stjórnandanum fyrir hver vaktaskipti. Skoðuninni er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva hvort eitthvað er sýnilega að vélinni áður en hann framkvæmir virkniprófin.

Skoðun fyrir notkun þjónar einnig þeim tilgangi að ákvarða hvort þörf sé á hefðbundnu viðhaldsferli. Stjórnandi getur aðeins framkvæmt hefðbundin viðhaldsatriði sem tilgreind eru í þessari handbók.

Sjáðu listann á næstu síðu og athugaðu hvert atriði.

Ef skemmdir eða önnur óheimil frávik frá verksmiðjuafhentu ástandi uppgötvast verður að merkja vélina og fjarlægja hana úr vinnu.

Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda. Eftir að viðgerð er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun aftur áður en hann fer í virkniprófin.

Viðurkenndir þjónustutæknimenn skulu framkvæma reglubundna viðhaldsskoðun, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda og kröfurnar sem taldar eru upp í ábyrgðarhandbókinni.

Skoðun

Skoðun fyrir notkun

- ❑ Gakktu úr skugga um að stjórnandahandbókin sé í heilu lagi, læsileg og inni í fjarbúnaðinum.
- ❑ Vertu viss um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir.
- ❑ Athugaðu með leka á vökvakerfisolíu.

Athugaðu með skemmdir, ranglega uppsetta hluti eða hluti sem vantar og óheimilar breytingar á eftirfarandi íhlutum eða svæðum:

- ❑ Vökvaslöngum og -útbúnaði
- ❑ Krókur
- ❑ Reipi
- ❑ Trissur
- ❑ Takmörkunarrofum
- ❑ Róm, boltum og öðrum festingum

Athugaðu allan aukabúnaðinn með tilliti til:

- ❑ Sprungna í suðu eða íhlutum samsetningar
- ❑ Dælda eða skemmda á vél
- ❑ Óhóflegt ryð, tæring eða oxun

Skoðun



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók og í handbók fjarbúnaðar.

1. Forðastu hættulegar aðstæður.
2. Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.
3. **Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.**

Þekktu og skildu virkniprófin áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

4. Kannaðu vinnustaðinn.
5. Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði virkniprófana

Virkniprófunum er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva allar bilanir áður en vélin er tekin í notkun. Stjórnandinn verður að fylgja leiðbeiningunum skref fyrir skref til að prófa alla virkni vélarinnar.

Aldrei má nota bilaða vél. Ef bilanir uppgötvast verður að merkja vélina og fjarlægja hana úr vinnu. Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda.

Eftir að viðgerðum er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun og virkniprófaftur áður en vélin er tekin í notkun.

Skoðun

Virknipróf

Þú skalt kynna þér stjórnandahandbók fjarbúnaðar áður en hafist er handa.

Prófa Læsa/Aflæsa fyrir vökvahraðtengi (ef fylgir)

- Á meðan þrýst er á rofann skal þrýsta og halda inni hvíta rofanum og nota stjórnhandfangið, þannig læsir/aflæsir maður í stutta stund vökvahraðtengið.

⊙ Niðurstaða: Allar aðgerðir ættu að virka vel.

Prófa stjórntæki

(við hverja notkun)

Aðgerðastýripinninn stjórnar vindunni.

Virkni þess kannaður:

- Færðu aðgerðastýripinnann til hægri, haltu áfram að þrýsta á hvíta þumal- og rauða rofann.

⊙ Útkoma: reipið lækkar

- Færðu aðgerðastýripinnann til vinstri, haltu áfram að þrýsta á hvíta þumal- og rauða rofann.

⊙ Útkoma: reipið fer aftur upp

Kynntu þér stjórnhlutann í notkunarleiðbeiningum þessarar handbókar.

Prófa burðarvarkerfi

Kynntu þér stjórnandahandbók fjarbúnaðarins.

Athugun á bremsukerfi vindunnar

(við hverja notkun)
Þessi búnaður stoppar tunnuna þegar byrði er upphengd.
Virkni þess kannaður:

- lyftu þyngd
- færðu stjórnstöngina til að lækka reipið
- settu stöngina í hlutlausa stöðu:

⊙ Útkoma: þyngdin verður að stoppa.

Athugaðu takmörkunarrofa vindunnar

(við hverja notkun)
Þessi búnaður verður að viðhalda hreyfingasviði byrðarinnar innan forstilltum mörkum.
Virkni þess kannaður:

- lyftu þyngd
- færðu stjórnstöngina rólega til að hækka reipið aftur.

⊙ Útkoma: þyngdin ætti að stoppa þegar krókurinn hefur náð föstum mörkum sínum.

Athugun á takmörkunarbúnaði lyftu í vindunni

(við hverja notkun)

Þessi búnaður verður að hindra að vindan lyfti þyngd sem er þyngri en hámarksmörk hans.
Virkni þess kannaður:

- lyftu þyngd sem er þyngri en farmþungi búnaðarins
- færðu stjórnstöngina til að hækka reipið aftur.

⊙ Útkoma: vindan ætti að stoppa um leið og þyngdinni er lyft frá jörðinni. Vindan ætti að stoppa um leið og fullnægjandi strekking er á burðarlínunni. Þyngdin ætti ekki að fara frá jörðinni.

Notkunarleiðbeiningar



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók og í handbók fjarbúnaðar.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notið ávallt sætisbelti fyrir notkun vélarinnar.

6 Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði

Hlutinn Notkunarleiðbeiningar veitir leiðbeiningar um öll atriði sem lúta að notkunar vélarinnar. Það er á ábyrgð stjórnandans að fylgja öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbókunum.

Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk ætti að fá leyfi til að nota þessa vél. Ef ætlast er til að fleiri en einn stjórnandi noti vélina á mismunandi tímum á sömu vakt verða þeir allir að vera viðurkenndir stjórnendur og er ætlast til þess að þeir fylgi allir öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbókunum. Það þýðir að hver nýr stjórnandi ætti að framkvæma skoðun fyrir notkun, virkniþróf og könnun vinnustaðar áður en hann notar vélina.


Allir sem vinna á eða nálægt vörunni þurfa einnig að þekkja viðeigandi varúðarráðstafanir.

Notkunarleiðbeiningar

Leiðbeiningar fyrir hraðtengi


Útgáfa með vélrænum læsibúnaði

1 Aktu á þann stað þar sem þú mun losa uppsetta aukabúnaðinn (ef hægt er á traustan, yfirbyggðan stað).
2 Losaðu hraðtengi aukabúnaðarins (ef til staðar eru).
3 Togaðu út vélræna pinnann sem læsir aukabúnaðinn eftir að öryggispinninn er fjarlægður af enda hans.
4 Láttu aukabúnaðinn liggja flatann á jörðunni.
5 Hallaðu festigrind aukabúnaðarins áfram og lækkaðu bómuna til að losa efri lás aukabúnaðarins.
6 Færðu þig til baka með vélinni og aktu að nýja aukabúnaðinum sem á að tengja.
7 Haltu grindinni þannig að hún halli áfram og festu efri lásinn við nýja aukabúnaðinn.
8 Dragðu til baka og lyftu aukabúnaðinum örlítið. Hann mun sjálfkrafa fara fyrir miðju á grind hraðtengisins.
9 Komdu aftur vélræna læsipinnanum fyrir og festu hann við öryggispinnann.
10 Festu aftur tengin við aukabúnaðinn (ef til staðar eru).



Útgáfa með vökvalæsibúnaði *(valfrjálst)*

1. Aktu á þann stað þar sem þú mun losa uppsetta aukabúnaðinn (ef hægt er á traustan, yfirbyggðan stað).
2. Losaðu hraðtengi aukabúnaðarins (ef til staðar eru).
3. Láttu aukabúnaðinn liggja flatann á jörðunni.
4. Þrýstu á Læsa/Aflæsa aðgerðarofann og haltu því áfram til loka skrefs 5.
5. Losaðu aukabúnaðinn með því að hreyfa aðgerðastýripinnann.
6. Hallaðu festigrind aukabúnaðarins áfram og lækkaðu bómuna til að losa efri lás aukabúnaðarins.
7. Færðu þig til baka með vélinni og aktu að nýja aukabúnaðinum sem á að tengja.
8. Haltu grindinni þannig að hún halli áfram og festu efri lásinn við nýja aukabúnaðinn.
9. Dragðu til baka og lyftu aukabúnaðinum örlítið. Hann mun sjálfkrafa fara fyrir miðju á grind hraðtengisins.
10. Tengdu aukabúnaðinn með því að hreyfa aðgerðastýripinnann með Læsa/Aflæsa aðgerðarofanum.
11. Festu aftur tengin við aukabúnaðinn (ef til staðar eru).




Notkunarleiðbeiningar

Notkun

Fastur krókur á plötu

2500 kg Fastur krókur á plötu 59.0700.9012GT
5000 kg Fastur krókur á plötu 59.0700.9013GT




- Tengdu krókinn og haltu honum á sínum stað með því að notfæra þér læsikerfi aukabúnaðarins (vélrænt eða vökvaknúið).
- Settu stoðir aukabúnaðar í vinnustöðu 1 með því að nota viðeigandi pinna A.
- Allar byrðir verða að beislaðar með sérstökum textílburðarólum eða -keðjum sem uppfylla skilyrði allra viðeigandi reglugerða.
- Til að meðhöndla byrðina, lyftu og snúðu skotbómu fjarbúnaðarins.
- Til að fjarlægja aukabúnað, stilltu stoðir við hvíldarstöðu 2 með því að nota viðkomandi pinna A, fjarlægðu læsikerfi aukabúnaðar (vélrænt eða vökvaknúið) og hallaðu síðan aukabúnaðinum varlega áfram, lækkar bómuna þannig að aukabúnaðurinn hvílir á jörðunni og dregur bómuna síðan inn.

⚠

Fasti krókurinn hefur verið hannaður til að styðja við hámarks farmþunga. Hámarksfarmþungi samræmis nafnrúmtaki þess sem það er uppsett á eins og sýnt er á burðartöflunum sem fylgja búnaðinum.

2000 KG Framlengingarbóma

2000 mm/2000 kg vélknúin Bóma 59.0802.3027GT




- Tengdu bómuna og haltu henni á sínum stað með því að notfæra þér læsikerfi aukabúnaðarins (vélrænt eða vökvaknúið).
- Settu stoðir aukabúnaðar í vinnustöðu **1** með því að nota viðeigandi pinna **A**.
- Til að fjarlægja aukabúnað, stilltu stoðir við hvíldarstöðu **2** með því að nota viðkomandi pinna **A**, fjarlægðu læsikerfi aukabúnaðar (vélrænt eða vökvaknúið) og hallaðu síðan aukabúnaðinum varlega áfram, lækkar bómuna þannig að aukabúnaðurinn hvílir á jörðunni og dregur bómuna síðan inn.

Notkunarleiðbeiningar

900 kg Vökvaknúin framlengingarbóma


4000 mm/900 kg vökvaknúin bóma
59.0802.3029GT




- Tengdu bómuna og haltu henni á sínum stað með því að notfæra þér læsikerfi aukabúnaðarins (vélrænt eða vökvaknúið).
- Settu stoðir aukabúnaðar í vinnustöðu **1** með því að nota viðeigandi pinna **A**.
- Lyftu stoð **3** á aukabúnaðinum og læstu honum í vinnustöðu með því að notast við viðkomandi pinna **B,** fjarlægðu krókinn úr hvíldarstöðu sinni.
- Allar byrðir verða að beislaðar með sérstökum textílburðarólum eða -keðjum sem uppfylla skilyrði allra viðeigandi reglugerða.
- Til að meðhöndla byrðina, lyftu og snúðu skotbómu fjarbúnaðarins.
- Til að fjarlægja aukabúnað, settu krókinn í hvíldarstöðu: tryggðu að þú skiljir eftir fullnægjandi hluta af reipi til að forðast álag á neina hluta, settu stoðirnar í hvíldarstöðu **2** með því að nota viðkomandi pinna **A**, lækkaðu stoð **3** á aukabúnaðinum og læstu í hvíldarstöðu með því að notast við viðkomand pinna **B;** fjarlægðu læsikerfi aukabúnaðarins (vélknúið eða vökvaknúið), hallaðu varlega aukabúnaðinum áfram, lækkaðu bómuna þannig að aukabúnaðurinn hvílir á hörðinni, dragðu síðan bómuna aftur inn.

Þegar búið hefur verið að aftengja flýtitengi aukabúnaðarins frá bómutengjum skal endurtengja þau við viðeigandi stoðtengi sem til staða eru á bómunni, til að hindra það að óhreinindi fari inn í rásina. Verndaðu stoðtengin vandlega með viðeigandi töppum sem fylgja þegar þau eru ekki í notkun.

⚠ Tryggðu að aukabúnaðurinn virki ávallt í láréttri stöðu.




⚠ Hafðu ávallt línuþyngd tengd við enda reipis til að halda strekkingu á reipinu. Slíkt hindrar það að það vindist ofan af reipinu eða að tunnan losni.



Notkunarleiðbeiningar

900 kg vélknúin framlengingarbóma

4000 mm/900 kg vélknúin Bóma
59.0802.3028GT




- Tengdu bómuna og haltu henni á sínum stað með því að notfæra þér læsikerfi aukabúnaðarins (vélrænt eða vökvaknúið).
- Settu stoðir aukabúnaðar í vinnustöðu **1** með því að nota viðeigandi pinna **A**.
- Lyftu stoð **3** á aukabúnaðinum og læstu honum í vinnustöðu með því að notast við viðkomandi pinna **B**.
- Allar byrðir verða að beislaðar með sérstökum textílburðarólum eða -keðjum sem uppfylla skilyrði allra viðeigandi reglugerða.
- Til að meðhöndla byrðina, lyftu og snúðu skotbómu fjarbúnaðarins.
- Til að fjarlægja aukabúnað, settu stoðirnar í hvíldarstöðu **2** með því að nota viðkomandi pinna **A**, lækkaðu stoð **3** á aukabúnaðinum og læstu í hvíldarstöðu með því að notast við viðkomand pinna **B,** fjarlægðu læsikerfi aukabúnaðarins (vélknúið eða vökvaknúið), hallaðu varlega aukabúnaðinum áfram, lækkaðu bómuna þannig að aukabúnaðurinn hvílir á hörðinni, dragðu síðan bómuna aftur inn.

Notkunarleiðbeiningar

Vökvaknúin vinda


4000 kg vinda 59.0901.9015GT
5000 kg vinda 59.0901.9008GT




- Tengdu vinduna og haltu henni á sínum stað með því að notfæra þér læsikerfi aukabúnaðarins (vélrænt eða vökvaknúið).
- Settu stoðir aukabúnaðar í vinnustöðu **1** með því að nota viðeigandi pinna **A**.
- Allar byrðir verða að beislaðar með sérstökum textílburðarólum eða -keðjum sem uppfylla skilyrði allra viðeigandi reglugerða.
- Til að meðhöndla byrðina, lyftu og snúðu skotbómu fjarbúnaðarins.
- Til að fjarlægja aukabúnað, stilltu krókinn í hvíldarstöðu: tryggðu að þú skiljir eftir fullnægjandi hluta af reipi til að forðast álag á neina hluta, settu stoðir við hvíldarstöðu **2** með því að nota viðkomandi pinna **A**, fjarlægðu læsikerfi aukabúnaðar (vélrænt eða vökvaknúið) og hallaðu síðan aukabúnaðinum varlega áfram, lækkar bómuna þannig að aukabúnaðurinn hvílir á jörðunni og dregur bómuna síðan inn.


Þegar búið hefur verið að aftengja flýtitengi aukabúnaðarins frá bómutengjum skal endurtengja þau við viðeigandi stoðtengi sem til staða eru á vindunni, til að hindra það að óhreinindi fari inn í rásina. Verndaðu stoðtengin vandlega með viðeigandi töppum sem fylgja þegar þau eru ekki í notkun.


⚠ Tryggðu að aukabúnaðurinn virki ávallt í láréttri stöðu.





⚠ Hafðu ávallt línuþyngd tengd við enda reipis til að halda strekkingu á reipinu. Slíkt hindrar að það vindist ofan af reipinu eða að tunnan losni.





Notkunarleiðbeiningar

Stjórnborð fyrir burðarvarkerfi

Kynntu þér stjórnandahandbók fjarbúnaðarins.

Viðvörunarljós fyrir burðarmörk (ef fylgir)

Þessi búnaður, uppsettur á þaki stýrishússins, er tengdur burðarvarkerfinu og sýnir sömu led röð og birtist á skjá burðarmarka.
Þegar hann fer í rautt hljómar hljóðviðvörun.

Burðartöflurnar notaðar


Uppsettu burðartöflurnar í stýrishúsinu gefa til kynna heimilaða hámarksbyrði í samræmi við framlengingu bómu, notkun stoðfóta og tegund aukabúnaðar. Kynntu þér alltaf þessar töflur svo hægt sé að nota vélina undir öruggra marka.
Framlengingarstig bómunnar má kanna með hjálp tölustafanna (A, B, C, D, E) sem málaðir eru á sömu bómu, raunveruleg halli bómunnar er sýndu við hornvísinn.

Notkunarleiðbeiningar

Tilfærsla stýribúnaðar - Aðgerðastýripinni

GTH 2506 - GTH 4014 - GTH 4018


Kynntu þér stjórnandahandbók fjarbúnaðarins



Aðgerðastýripinni með virkjunarrofa (B) og hvítum þumalrofa (A)


Notkunarleiðbeiningar

Tilfærsla stýribúnaðar - Einfaldur aðgerðastýripinni GTH 4016R - GTH 4018R - GTH 5021R



**Aðgerðastýripinni með virkjunarrofa (B)
og hvítum þumalrofa (A)**

Tilfærsla stýribúnaðar - Tvöfaldur aðgerðastýripinni GTH 4016R - GTH 4018R - GTH 5021R




**Aðgerðastýripinni með virkjunarrofa (B)
og hvítum þumalrofa (A)**

Notkunarleiðbeiningar

Tenging við byrði

Athugaðu hvort krókur burðarólarinnar sé festur á viðeigandi máta við króksskál **A** eins og sýnt er á myndinni.



Hleðsla sett niður

Áður en hleðsla er lyft skal undirbúa staðinn þar sem leggja á hana niður. Eðli byrðarinnar ræður þeim undirbúningi sem nauðsynlegur er en flestar byrðar ætti að setja niður á þvertré. Þannig má á auðveldan máta draga burðarólina aftur inn. Aldrei ætti að setja byrðina beint á keðjuna.

Notkunarleiðbeiningar

Lyfting byrðar og henni komið fyrir

Áður en lyfting hefst og upphengdri byrði er komið fyrir:

1. Þekktu eða ákvarðaðu þyngd byrðarinnar, þar á meðal þyngd alls búnaðar (t.d. burðarólar, hengsli) og staðsetningu burðarmiðjunnar.
2. Staðfestu getu yfirborðsins áður en byrði er komið fyrir á því.
3. Tryggðu að grindin sé lárétt bæði lárétt bæði á lengdina og þversum áður en bómunni er lyft, með og án byrðar, og/eða með hjálp aðstoðarmanns.
4. Berðu kennsl á viðeigandi lyftipunkta byrðarinnar, taktu tillit til þungamiðju og stöðugleika byrðar.
5. Ekki hengja byrði upp með burðarólum eða keðjum frá göfflum eða undirvagninum.
6. Til að hindra óviljandi sveiflu, tjóðraðu upphengdu byrðina til að takmarka hreyfingu.
7. Forðastu að lyfta byrðum á tveim hæðum.

Burðartaflan í stýrishúsinu sýnir notkunarmörk vélar sem hlýtur viðeigandi viðhald. Stjórnandinn verður að þekkja þyngd byrðarinnar til að nota burðartöfluna, burðamiðju og hve langt og hátt koma eigi henni fyrir.

Þessi vél hefur fleiri en eina burðartöflu. Tryggðu að þú notir burðartöflu sem er í samræmi við aukabúnað vélarinnar og við uppsetningu stoðfóta, ef uppsettir eru.

Ef þú kemst að þeirri niðurstöðu að ekki er hægt að koma fyrir þyngd byrðarinnar í þeirri hæð og horni sem þú vilt má notfæra þessa valkosti:

Ef stoðfætur eru uppsettir

1. Ef þú hefur ekki lækkað stoðfætur, lækkaðu stoðfætur og notaðu burðartöfluna fyrir stoðfætur niðri.

Ef stoðfætur eru niðri eða ekki uppsettir:

2. Færðu vélina nær hleðslu- eða upptökustað þannig að þyngd byrðarinnar uppfylli tæknilýsingu burðartöflunnar.
3. Skiptu byrðinni í smærri hluta þannig að hver hluti uppfylli tæknilýsingu burðartöflunnar.
4. Vertu þér úti um stærri vél sem ræður við byrðina innan tæknilýsinga. Mælt er með stoðfótum við meðhöndlun á upphengdri byrði.

Notkun á aukabúnaði til að meðhöndla upphengda byrði

1. Tryggðu að aukabúnaðurinn sé tryggilega festur og að allur lokunarbúnaður sé virkur
2. Sýndu varúð við tryggingu, meðhöndlun, staðsetningu og tilfærslu byrðarinnar
3. Notaðu lyftara sem búinn er aukabúnaði sem lyftur með byrði að hluta þegar hann meðhöndlar ekki byrði
4. Sýndu ýtrustu varúð þegar byrðinni er hallað fram eða aftur, einkum þegar raðað er í hæð, og ekki halla fram þegar byrðarmeðhöndlun er hækkuð, nema þegar byrði er sótt eða sett á rekka eða stafla

Notkunarleiðbeiningar

Byrðinni komið fyrir

Vélknúin bóma eða fastur krókur á plötu notaður. Eigðu samvinnu við merkjaaðila ef nauðsyn krefur.

1 Farðu á viðkomandi stað og stöðvaðu vélina með varúð.

2 Settu skiptinguna í hlutlausan.

3 Settu handbremsuna á.

4 Lækkaðu stoðfætur, ef uppsetning þín gerir kröfu um slíkt. (Ráðlagt fyrir upphengda byrði)

5 Lækkaðu grindina vinstri til hægri í samræmi við hallamálið í stýrishúsinu. Á stoðfótum skal tryggja að framhjól séu af jörð.

6 Færðu krók aukabúnaðarins beint fyrir ofan byrðina. Festu krókinn við byrðina á réttan máta við viðurkennd efni þannig að burðarmiðjan sé undir króknum.

7 Láttu aukabúnaðinn flútta (með augunum).

8 Auktu við snúninga vélarinnar á mínútu til að tryggja betri stjórn og lengri líftíma á síukerfi pústsins.


9 Færðu smám saman stýribúnaðinn til að lyfta og setja bómuna út í viðkomandi hæð.


10 Færðu stýribúnaðinn smám saman til að lyfta og lækka bómuna í lokastöðu. Lækkaðu byrðina þar til þyngd hennar er að fullu af króknum.


11 Ekki snerta stýribúnaðinn þar til þú hefur fengið rétt merki um að færa bómuna í tilfærslustöðuna.


12 Færðu smám saman stýribúnaðinn til að lyfta og draga bómuna inn.


13 Þegar aukabúnaðurinn er laus við allar hindranir má lækka bómuna og draga hana inn.















Notkunarleiðbeiningar









Vinda eða vökvaknúin bóma notuð: Eigðu samvinnu við merkjaaðila ef nauðsyn krefur.

1 Farðu á viðkomandi stað og stöðvaðu vélina með varúð.

2 Settu skiptinguna í hlutlausan.

3 Settu handbremsuna á.

4 Lækkaðu stoðfætur, ef uppsetning þín gerir kröfu um slíkt. (Ráðlagt fyrir upphengda byrði.)

5 Lækkaðu grindina vinstri til hægri í samræmi við hallamálið í stýrishúsinu. Á stoðfótum skal tryggja að framhjól séu af jörð.

6 Færðu vindu aukabúnaðarins beint fyrir ofan byrðina. Festu krókinn við byrðina á réttan máta við viðurkennd efni þannig að burðarmiðjan sé undir króknum.

7 Láttu aukabúnaðinn flútta (með augunum).

8 Auktu við snúninga vélarinnar á mínútu til að tryggja betri stjórn og lengri líftíma á síukerfi pústsins.

9 Færðu smám saman stýribúnaðinn til að lyfta og setja bómuna út í viðkomandi hæð.

10 Færðu stýribúnaðinn smám saman til að setja bómuna út í lokastöðu sína en á meðan skal halda byrðinni eins lágt og mögulegt er með því að nota aukalækkun (vinda niður)

11 Lækkaðu byrðina (vinda niður) með því að nota aukaniðurhreyfingu þar til þyngd byrðarinnar er að fullu af króknum.

12 Ekki snerta stýribúnaðinn þar til þú hefur fengið rétt merki um að færa bómuna í tilfærslustöðuna.

13 Færðu stýribúnaðinn smám saman með því að nota aukabúnað og snúa reipinu að fullu upp á vinduna. Dragðu inn og lækkaðu bómuna ef engar hindranir eru fyrir hendi.

Notkunarleiðbeiningar

Flutningur á upphengdri byrði

Aktu á litlum hraða.

Byrði eins lágt og mögulegt er frá jörðinni, eins nálægt og mögulegt er við vélina án þess að hún geti slegist í undirvagninn.

Akstur í halla þýðir að byrðin stefnir alltaf upp á móti.

Aldrei skal aka til hliðar í halla.

Tilfærsla á upphengdri hleðslu er ekki ráðlögð. Aksturskerfið er ekki virkjað í LMI öryggiskerfinu.

Þegar byrðin hefur verið fest gerir þú eftirfarandi:

- lyftu byrðinni og athugaðu hvort hún sé sett út rétt: vírinn skal vera strekktur og ekki í slakka þegar byrðarhreyfing hefst
- Dragðu bómuna inn eins mikið og hægt er til að forðast að hún sláist í undirvagninn eða aðra hluta lyftarans.
- lyftir henni aftur í 300-500 mm flutningshæð frá jörðunni;
- tryggir að byrðin sé nógu hátt uppi til að losa allar hindranir áður en tilfærsla hefst;
- berð kennsl á þær hættur sem til staðar eru á þeirri leið sem ekin er;
- forðastu rykkjóttan akstur
- ekki nota upphengda byrði á halla
- veltu fyrir þér áhrifum vinds á byrði.
- Hefðu hreyfingu byrðar hægt til að viðhalda stjórn á henni.

Geymslustaða og geymsla

Stutt óvirkni og geymsla á aukabúnaði

Aukabúnaðurinn losaður af fjarbúnaðinum:

- Nálgastu þann stað þar sem þú ætlar að losa búnaðinn.
- Lækkaðu búnaðinn niður á jörðina.
- Stöðvaðu vél fjarbúnaðarins.
- Aftengdu vökvaslöngur búnaðarins frá bómuútbúnaðinum.
- Endurræstu vélina.
- Notaðu aðgerðastýripinnann til að losa búnaðinn af flýtitengiplötunni.
- Hallaðu tengiplötunni áfram og lækkaðu bómuna til að losa efri krók búnaðarins.
- Færðu fjarbúnaðinn til baka.


Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

Tilfærsla á búnaði


Þegar færa á búnaðinn úr skal skal aðeins nota úrræði sem eru með viðeigandi burðargetu. Ítarlegar upplýsingar um slíkt má finna í viðeigandi kafla í þessari handbók og á auðkenniplötunni.

Samkvæmt búnaðinum gerir þú eftirfarandi fyrir tilfærslu:


- **900 kg bóma**, settu gafflana í viðeigandi fjóra kraga **1.**




- **2000 kg bóma**, settu gafflana í viðeigandi tvo kraga **2.**



- **Vinda**, settu gafflana í viðeigandi kraga **3.**



- **Krókur**, settu tvær burðarólar í gegnum grindargötin eins og sýnt er á myndinni að neðan



Viðhald

Virða og hlýða:

☑ Stjórnandi skal aðeins framkvæma hefðbundin viðhaldsatriði sem tilgreind eru í þessari handbók.

☑ Viðurkenndir þjónustutæknimenn skulu ljúka við reglubundna viðhaldsskoðun, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda og kröfurnar sem tilgreindar eru í ábyrgðarhandbókinni.

Myndskýringar viðhaldstákna

Eftirfarandi tákn hafa verið notuð í þessari handbók til að skýra tilgang leiðbeininganna. Þegar eitt eða fleiri þessara tákna birtast við upphaf viðhaldsferlis gefur það til kynna merkinguna að neðan.



Gefur til kynna að þörf sé á verkfærum til að framkvæma þetta verklag.



Gefur til kynna að þörf sé á nýjum hlutum til að framkvæma þetta verklag.



Gefur til kynna að þörf sé á kaldri vél til að framkvæma þetta verklag.

Viðhald

Reglubundið viðhald

Fara verður fram ársfjórðungsleg skoðun á vélum sem hafa staðið ónotaðar í meira en þrjá mánuði áður en þær eru teknar aftur í notkun.

Gerð
Raðnúmer
Dagsetning
Klukkustundamælir
Eigandi vélar
Skoðað af (með prentstöfum)
Undirritun skoðunarmanns
Titill skoðunarmanns
Fyrirtæki skoðunarmanns
Leiðbeiningar

- Gerðu afrit af þessari skýrslu sem notuð er við hverja skoðun.
- Veldu viðeigandi gátlista fyrir þá tegund skoðunar sem framkvæma á.

☐ **Daglega eða átta klukkustundir**
Skoðun: A

- Hakaðu í viðeigandi reit eftir að skoðun er lokið.
- Notaðu nákvæmu leiðbeiningarnar í þessum hluta til að fá upplýsingar um hvernig skoðanir eru framkvæmdar.
- Ef að skoðun hlýtur merkið „N“ skal taka vélina úr notkun, gera við hana og skoða hana að nýju. Eftir viðgerð skal haka „R“ í reitinn.

Gátlisti A	**Y**	**N**	**R**
A-1 Handbækur og límmiðar			
A-2 Skoðun fyrir notkun			
A-3 Virknipróf			
A-4 Athugun á sliti á reipi			
A-5 Athugun á króki			
A-6 Athugun á öryggisbúnaði			

Viðhald

A-1
Skoða handbækur og límmiða

Tæknilýsing Genie gerir kröfu um að þetta sé framkvæmt með átta klukkustunda fresti eða daglega, hvort sem á undan kemur.

Mikilvægt er að halda stjórnanda- og öryggishandbókum í góðu ástandi til að tryggja örugga notkun vélarinnar. Handbækur fylgja með öllum vélum og ætti að geyma þær í ílátinu sem finna má í hólfi stjórnandans. Ólæsileg eða týnd handbók veitir ekki þær öryggis- og notkunarupplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir örugga notkun.

Einnig er mikilvægt að halda öryggis- og leiðbeiningalímmiðum í góðu ástandi til að tryggja örugga notkun vélarinnar. Límmiðar láta stjórnendur og starfsmenn vita af mörgum hugsanlegum hættum sem tengjast notkun á þessari vél. Einnig veita þeir notendum notkunar- og viðhaldsupplýsingar. Ólæsilegur límmiði lætur ekki starfsmenn vita af notkun eða hættu sem getur leitt til ótryggra notkunaraðstæðna.

1 Vertu viss um að stjórnanda- og öryggishandbækur séu til staðar og heilar í geymsluílátinu sem staðsett er í stýrishúsinu.

2 Skoðaðu síðurnar á síðum hverrar handbækur til að tryggja að þær séu læsilegar og í góðu ástandi.

⊙ Niðurstaða: Stjórnandahandbókin er viðeigandi fyrir vélina og allar handbækur eru læsilegar og í góðu ástandi.

⊗ Niðurstaða: Stjórnandahandbókin er ekki viðeigandi fyrir vélina og allar handbækur eru ekki í góðu ástandi eða eru ólæsilegar. Fjarlægðu vélina úr þjónustu þar til búið er að skipta um handbókina.

3 Opnaðu hlutann límmiðaskoðun í stjórnandahandbókinni. Farðu vandlega yfir alla límmiða á vélina til að kanna hvort þeir séu læsilegir og lausir við skemmdir.

⊙ Niðurstaða: Vélin er búin öllum nauðsynlegum límmiðum og allir límmiðar eru læsilegir og í góðu ástandi.

⊗ Niðurstaða: Vélin er ekki búin öllum nauðsynlegum límmiðum og einn eða fleiri límmiðar eru ólæsilegir eða í slæmu ástandi. Fjarlægðu vélina úr þjónustu þar til búið er að skipta um límmiðana.

4 Settu ávallt handbækurnar í geymsluílátið eftir notkun.

Ath.: Hafðu samband við viðurkenndan Genie dreifingaraðila eða Genie Industries ef þörf er á nýjum handbókum eða límmiðum.

Viðhald

A-2
Framkvæma skoðun fyrir notkun

Tæknilýsing Genie gerir kröfu um að þetta sé framkvæmt með átta klukkustunda fresti eða daglega, hvort sem á undan kemur.

Skoðun fyrir notkun er nauðsynleg til að tryggja örugga notkun á vélinni. Skoðun fyrir notkun er sjónræn skoðun, framkvæmd af stjórnandanum fyrir hver vaktaskipti. Skoðuninni er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva hvort eitthvað er sýnilega að vélinni áður en hann framkvæmir virkniprófin. Skoðun fyrir notkun þjónar einnig þeim tilgangi að ákvarða hvort þörf sé á hefðbundnu viðhaldsferli.

A-3
Framkvæma virkniþróf

Tæknilýsing Genie gerir kröfu um að þetta sé framkvæmt með átta klukkustunda fresti eða daglega, hvort sem á undan kemur.

Virkniþróf eru nauðsynleg til að tryggja örugga notkun á vélinni. Virkniprófunum er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva allar bilanir áður en vélin er tekin í notkun. Aldrei má nota bilaða vél. Ef bilanir uppgötvast verður að merkja vélina og fjarlægja hana úr vinnu.

Viðhald

A-4 Athugun á sliti á reipi

⚠ Vinna með vísvitandi slitnum og/eða skemmdum reipum getur verið mjög hættuleg. Samstundis skal skipta um slitin og/eða skemmd reipi. GENIE afsalar sér allri ábyrgð á líkamstjóni og/eða eignatjóni sem hlýst af því að þessari varúðarráðstöfun er ekki fylgt.


Athugaðu reipin daglega og finndu og lagaðu galla ef nauðsyn krefur. Skipta þarf um reipi þegar eftirfarandi merki um rýrnun finnast:

- Þegar heildarþvermál reipisins minnkar um 10% hvað upprunalegt þvermál varðar, jafnvel þó það sé á einum stað
- Þegar á reipinu eru dældir, snúningar eða varanlegar sveigjur sem skemmdir eða skarpar brúnir hafa orsakað
- Þegar þráður er slitinn að fullu eða þegar hann hefur orðið fyrir skemmtum á þann máta að notanlegur hluti hans hefur minnkað um 40% á sumum svæðum
- Þegar miðhluti reipisins (kjarni) fer út á einum stað
- Þegar, jafnvel þegar reipið er strekkt, einn eða fleiri þræðir slakna eða koma út úr reipinu
- Þegar greinilegar skemmdir eru til staðar vegna hita (logskeri, rafsuða, o.s.frv.).

Gerð	Þvermál reipis	Lengd
4000 mm/900 kg Bóma	8 mm	30 m
4000 kg lyfta	12 mm	62 m
5000 kg lyfta	13 mm	62 m

A-5 Athugun á króki

Í hvert sinn sem þú notar krókinn skaltu athuga krókinn **A** til að tryggja að hann sé í góðu vinnuástandi.



Viðhald

A-6 Athugun á öryggisbúnaði

Athugaðu **takmörkunarkerfi fjarbúnaðarins** (við hverja notkun)
Kynntu þér stjórandahandbók fjarbúnaðarins.

Athugaðu **vökvaknúnu lásloku vindunnar** (við hverja notkun)
Þessi búnaður stöðvar hreyfingu byrðinnar, hindrar vélarhreyfingu, hindrar rör ef bilun á sér stað.
Virkni þess kannaður:
- lyftu þyngd
- færðu stjórnstöngina til að hækka reipið aftur
- settu stöngina í hlutlausa stöðu: þyngdin verður að stoppa. Ef ekki skal hafa samband við tækniþjónustu Genie.


Athugaðu **stöðuhemil vindunnar** (við hverja notkun)
Þessi búnaður stoppar tunnuna þegar byrði er upphengd.
Virkni þess kannaður:
- lyftu þyngd
- færðu stjórnstöngina til að lækka reipið
- settu stöngina í hlutlausa stöðu: þyngdin verður að stoppa. Ef ekki skal hafa samband við tækniþjónustu Genie.


Athugaðu **takmörkunarrofa vindunnar** (við hverja notkun)
Þessi búnaður verður að viðhalda hreyfingasviði byrðarinnar innan forstilltum mörkum.
Virkni þess kannaður:
- lyftu þyngd
- færðu stjórnstöngina rólega til að draga reipið aftur inn: þyngdin ætti að stoppa þegar föst mörk nást. Ef ekki skal stöðva og hafa samband við tækniþjónustu Genie.

Athugun á **takmörkunarbúnaði lyftu** í **vindunni** (við hverja notkun)
Þessi búnaður verður að hindra að vindan lyfti þyngd sem er þyngri en hámarksmörk hans.
Virkni þess kannaður:
- lyftu þyngd sem er þyngri en farmþungi búnaðarins
- færðu stjórnstöngina til að draga reipið aftur inn: vindan ætti að stoppa um leið og þyngdinni er lyft af jörðinni. Ef ekki skal hafa samband við tækniþjónustu Genie.

Tæknilýsing


Fastur krókur á plötu 2500 kg
hlutanúmer 59.0700.9012GT
fyrir GTH-2506






TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR		
A	Breidd	1335 mm
B	Hæð í hvíldarstöðu	1110 mm
C	Lengd	830 mm
D	Hæð í vinnustöðu	910 mm
	Þyngd	120 kg
	Farmþungi	2500 kg
	COG	150 mm

Fastur krókur á plötu 5000 kg.
hlutanúmer 59.0700.9013GT
fyrir allt vörusvið nema GTH-2506






TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR		
A	Breidd	1335 mm
B	Hæð í hvíldarstöðu	1110 mm
C	Lengd	830 mm
D	Hæð í vinnustöðu	1070 mm
	Þyngd	160 kg
	Farmþungi	5000 kg
	COG	180 mm


Tæknilýsing

4000 MM/900 KG vökvaknúin bóma
hlutanúmer 59.0802.3029GT fyrir:
GTH-4014, GTH-4018, GTH-4016R, GTH-4018R, GTH-5021R



TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR		
A	Breidd	1190 mm
B	Hæð í hvíldarstöðu	1220 mm
C	Lengd	4485 mm
D	Hæð í vinnustöðu	1610 mm
	Þyngd	320 kg
	Farmþungi	900 kg
	COG	1400 mm


4000 MM/900 KG vélknúin bóma
hlutanúmer 59.0802.3028GT fyrir:
GTH-4014, GTH-4018, GTH-4016R, GTH-4018R, GTH-5021R



TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR		
A	Breidd	1190 mm
B	Hæð í hvíldarstöðu	1220 mm
C	Lengd	4450 mm
D	Hæð í vinnustöðu	980 mm
	Þyngd	245 kg
	Farmþungi	900 kg
	COG	1340 mm


Tæknilýsing

2000 MM/2000 kg BÓMA
hlutanúmer 59.0802.3027GT
fyrir allt vörusvið.



TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR		
A	Breidd	1335 mm
B	Hæð í hvíldarstöðu	1080 mm
C	Lengd	2290 mm
D	Hæð í vinnustöðu	800 mm
	Þyngd	255 kg
	Farmþungi	2000 kg
	CoG	490 mm


4000 kg VINDA
hlutanúmer 59.0901.9015GT
fyrir allt vörusvið nema GTH-2506



TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR		
A	Breidd	1335 mm
B	Hæð í hvíldarstöðu	1260 mm
C	Lengd	830 mm
D	Hæð í vinnustöðu	1840 mm
	Þyngd	380 kg
	Farmþungi	4000 kg
	CoG	260 mm

Tæknilýsing


5000 kg VINDA
hlutanúmer 59.0901.9008GT
fyrir GTH-5021R




TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR		
A	Breidd	1335 mm
B	Hæð í hvíldarstöðu	1265 mm
C	Lengd	835 mm
D	Hæð í vinnustöðu	2050 mm
	Þyngd	470 kg
	Farmþungi	5000 kg
	CoG	325 mm

Burðartöflur

GTH-2506 Fastur Krókur á plötu 2500 kg





GTH-2506, 2000 mm/2000 kg BÓMA




Burðartöflur


GTH-4014, Vélknúin/Vökvaknúin Bóma 4000 mm/900 kg






GTH-4014, 2000 mm/2000 kg Vélknúin Bóma







Burðartöflur


GTH-4014, 5000 kg Fastur krókur á plötu






GTH-4014, 4000 kg Vinda







Burðartöflur


GTH-4018, 4000 mm/900 kg Vélknúin/Vökvaknúin BÓMA






GTH-4018, 2000 mm/2000 kg Vélknúin Bóma







Burðartöflur


GTH-4018, Fastur krókur á plötu 5000 kg






GTH-4018, 4000 kg Vinda








Burðartöflur

GTH-4016 R, 4000 mm/900 kg Vélknúin/Vökvaknúin Bóma













Burðartöflur

GTH-4016 R, 2000 mm/2000 kg Vélknúin Bóma













Burðartöflur

GTH-4016 R, Fastur Krókur á plötu 5000 kg













Burðartöflur

GTH-4016 R, 4000 kg Vinda












Burðartöflur

GTH-4018 R, 4000 mm/900 kg Vélknúin/Vökvaknúin Bóma










Burðartöflur

GTH-4018 R, 2000 mm/2000 kg Vélknúin Bóma










Burðartöflur

GTH-4018 R, Fastur Krókur á plötu 5000 kg










Burðartöflur

GTH-4018 R, 4000 kg Vinda










Burðartöflur

GTH-5021R, 4000 mm/900 kg Vélknúin/Vökvaknúin Bóma










Burðartöflur

GTH-5021R, 2000 mm/2000 kg Vélknúin Bóma










Burðartöflur

GTH-5021R, Fastur Krókur á plötu 5000 kg










Burðartöflur

GTH-5021R, 4000 kg Vinda










Burðartöflur

GTH-5021R, 5000 kg Vinda







Beaufort-vindstigakvarðinn

Beaufort-númer	Lýsing	Vindhraði m/s	Aðstæður á landi
0	Logn	< 0,3.	Logn. Reyk leggur beint upp.
1	Andvari	0,3 - 1,5	Vindstefnu má sjá af reyk.
2	Kul	1,6 - 3,4	Vindblær finnst á andlit. Skrjáfar í laufi.
3	Gola	3,5 - 5,4	Breiðir úr léttum flöggum, lauf og smágreinar titra.
4	Stinningsgola	5,5 - 7,9	Laust ryk og pappírssneplar taka að fjúka. Litlar trjágreinar bærast.
5	Kaldi	8,0 - 10,7	Lítil lauftré taka að sveigjast. Lausamjöll hreyfist.
6	Stinningskaldi	10,8 - 13,8	Stórar greinar svigna. Hvín í línum. Erfitt að nota regnhlífar. Lágarenningur viðvarandi.
7	Allhvass vindur	13,9 - 17,1	Stór tré sveigjast til. Þreytandi að ganga á móti vindi. Skyggni slæmt í snjókomu.
8	Hvassviðri	17,2 - 20,7	Trjágreinar brotna. Erfitt að ganga á móti vindinum. Menn baksa á móti vindi.
9	Stormur	20,8 - 24,4	Lítilsháttar skemmdir á mannvirkjum. Varla hægt að ráða sér á bersvæði. Glórulaus bylur ef snjóar.
10	Rok	24,5 - 28,4	Tré rifna upp með rótum. Talsverðar skemmdir á mannvirkjum.
11	Ofsaveður	28,5 - 32,6	Miklar skemmdir á mannvirkjum. Útivera á bersvæði hættuleg. Rýfur hjarn, lyftir möl og grjóti.
12	Fárviðri	32,7 >	Allt lauslegt fýkur, þar á meðal möl og jafnvel stórir steinar. Kyrrstæðir bílar geta oltið eða fokið. Heil þök tekur af húsum. Skyggni oftast takmarkað, jafnvel í þurru veðri.

Efnisatriði EB-samræmisyfirlýsingar

TEREX Global GmbH lýsir því hér með yfir að vélabúnaðinum sem lýst er að neðan uppfyllir ákvæði eftirfarandi tilskipana:
1. EB tilskipun **2006/42/EB**, vélatilskipun.
Vélin sem lýst er að neðan hentar fyrir Genie fjarbúnað, gerðum sem tilgreindar eru í notandahandbókinni.
Gerð/tegund:
Lýsing:
Raðnúmer:
Framleiðsludagur:
Framleiðsluland:
Framleiðandi:
TEREX Global GmbH
Bleicheplatz 2
8200 Schaffhausen
Sviss
Fulltrúi í Evrópu:
Genie UK LTD
Maltings
Wharf Road, Grantham, Lincolnshire
NG31 6BH Bretland
Umboðsundirritandi:
Útgáfustaður:
Útgáfudagur:

Dreifingaraðili:

www.genielift.com